

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



Dags eftirlits	29.9.2015	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	H.B. Grandi Akranesi	Fulltrúi UST	Björn Stefánsson
Heimili	Bárugata 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsværksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Sigurjónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt nýtt frávik þar sem að útblásturhraði frá reykháfum uppfyllir ekki starfsleyfisskilyrði. Útistandandi frávikum úr síðasta eftirliti verður fylgt eftir í tengslum við eftirfylgnimál frá 2014. Niðurstöður mengunarmælinga í frárennsli og útblæstri frá apríl 2015 eru enn yfir starfsleyfismörkum. COD í frárennsli eftir þvottaturn mælist 2,7 kg/t hráefnis (að frátölu sjósýni) og ryk í útblæstri 289,2 mg/Nm³ (reykháfur 1) og 392,1 mg/Nm³ (reykháfur 2). Bætt hefur verið úr öðrum frávikum úr eftirliti 2014.

Athugasemd var gerð við seinkun á framkvæmdum við loftræslu í vinnslurýmum og þarf að uppfæra áætlun vegna lyktarmengunar í samræmi við þessar breyttu forsendur.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á skoðunarferð um verksmiðjuna. Verksmiðjan vinnur úr afskurði á virkum dögum allt árið um kring í lítilli vinnslulínu sem tekin var í gagnið 2014. Stærri vinnslulínan var ekki í gangi og var síðast notuð í loðnuvertíðinni sem lauk í lok mars sl. Unnið var að viðhaldi og vinnslu í litlu framleiðslulínunni þar sem tekið er á móti afskurði. Snyrtilegt um að lýtast í verksmiðjunni.

Að lokinni skoðunarferð var farið yfir gögn og skráningar.

Rætt var um gagnaskil skv. starfsleyfi. Áætlanir vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda, áætlun gegn loftmengun og hreinlætisáætlun vegna lyktarmengunar voru uppfærðar og samþykktar af stofnuninni með bréfi þann 30.sept 2014. Grænu bókhaldi var skilað 8.maí sl. ásamt staðfestingu á að losun þeirra sé undir þröskuldsgildum fyrir útstreymisbókhald. Viðbragðsáætlun er upp á vegg í verksmiðjunni við innganginn. Minnt var á mikilvægi þess að hafa viðbragðsáætlunina vel sýnilega í verksmiðjunni. Áætlað var að endurbætur á loftræslingu í vinnslurými yrði lokið í lok árs 2015 en ljóst er að verkið mun tejjast þar sem að verksmiðjunni hefur ekki verið tryggt nægilegt rafmagn til að keyra loftræsiblásara kerfisins.

Þá var farið yfir skráningar skv. grein 3.1 í starfsleyfi. Haldið er utanum viðhald m.a. á mengunarnarvornarþúnaði í rafrænum gagnagrunni "viðhaldsstjóra" sem sendir tilkynningar þegar tímabært er að skipta út tilteknum hlut. Reglulega er auk þess gerðar tíðni og titringsmælingar á móturum til að meta ástand þeirra. Haldið er utanum kvartanir í miðlægum gagnagrunni. Ein kvörtun barst stofnuninni í lok ágúst 2014 vegna lyktarmengunar en þar sem að verksmiðjan var ekki í gangi umrædda daga var lyktin líklega vegna annarrar starfsemi við höfnina. Þá var farið yfir kvittanir fyrir tæmingu á fitugildru, móttöku úrgangs og hættulegum efnum. Öryggisblöð vegna hættulegra efna voru uppfærð síðustu áramót. Rætt var um þau og merkingar hættulegra efna í verksmiðjunni.

Niðurstöður mengunarmælinga í frárennsli og reykhauf voru yfir starfsleyfismörkum í mælingum síðasta árs og eru því í eftirfylgni hjá stofnuninni. Nýjar mælingar voru sendar í apríl 2015 og eru þær enn yfir starfsleyfismörkum. Bætt hefur verið úr öðrum frávikum sem fram komu í síðasta eftirliti, þ.e. áætlanir hafa verið uppfærðar og hávaðamælingar frá 1. sept 2014 eru undir starfsleyfismörkum.

Að lokum var minnt á heildarúttekt í frárennsli skv. grein 5.2 í starfsleyfi en niðurstöðum úttektarinnar á að skila stofnuninni fyrir 1.maí 2016.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Grein 2.13	Útblásturhraði uppfyllir ekki skilyrði í starfsleyfi. Í mælingum á útblæstri frá apríl 2015 mælist útblásturhraðinn 7,1 m/s (reykháfur 1) og 8 m/s (reykháfur 2) en starfsleyfið kveður á um að útblásturhraði skuli vera amk 20 m/s.

ATHUGASEMDIR

Framkvæmdir við endurbætur á loftræsingu í vinnslurými hafa tafist og því ljóst að endurskoða þarf áætlun vegna loftmengunar í samræmi við það.

Reykjavík, 04.11.2015



Halla Einarsdóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.